

# AF HVERJU EKKI MÚSÍKAL?

**Leikfélag Reykjavíkur:**  
**OFVITINN**  
 eftir Þórberg Þórðarson  
 í leikgerð Kjartans Ragnarssonar  
 Tónlist: Atli Heimir Sveinsson  
 Leikmynd og búningar: Steinhólfur Sigurðsson  
 Lýsing: Daniel Williamson  
 Leikstjóri: Kjartan Ragnarsson

Það verður ekki við því séð: Ofvitinn er ekki né verður neitt sem má kalla „dramatískt verk“. Sama hvernig sögunni er hringsnúð fyrir sér, hún breytist ekkert við það. Hvað á þá að þýða að fara að gera úr Ofvitnum leikrit á sviði? Það er ekki hægt.

Það má nú liggja milli hluta í þetta sinn hvaða rök og knýjandi ástæður reka menn til að búa til leikrit og leik-sýningar upp úr skáldsögum. Ætli þær geti ekki verið ýmislegar, bæði löngun til að fást við mikilsháttar viðfangsefni í nýju formi, með nýjum hætti, og traust á vinsældir mikils- virtrar skáldsögu sem vel geti komið sér í leikhúsinu. Og fleira í slíkum dúr.

En hvað sem Kjartani Ragnarssyni og Leikfélagi Reykjavíkur hefur gengið til með leikgerð Ofvitans, þá er best að segja strax eins og er: það tókst á laugardaginn í Iðnó sem maður að óreyndu hefði kannski ætlað að ekki væri hægt að gera. Úr því að endilega þurfti að búa til leikrit eftir Ofvitnum hygg ég að það verk hafi tekist alveg merkilega vel, sum- part kannski betur en ýms sambærileg verk frá fyrri árum.

## Leikræn frásögn efnis

Undur má það heita ef Ofvitinn í Iðnó á ekki sambærilegar vinsældir vísar á næstunni og þau verk af þessu tagi sem áður hafa best tekist og mestrar hylli notið. Og það má vel muna að þessi leikritagrein: leikgerð eftir skáldsögum, er orðin býsna fyrirferðarmikill þáttur í íslenski leikritagerð.

Hversu vel Ofvitinn tekst til hygg ég að einkum stafi af því að leikgerðin semur sig hispurlaust að efni og eðli viðfangsefnisins, hér er um leikræna frásögn efnisins úr bókinni



Í Unuhúsi: Jón Júlíusson, Emil Guðmundsson, Margrét Ólafsdóttir og Jón Hjartarson.

af ræða, en ekki tilraun til drama- tískrar endurgerðar sögunnar, né heldur tóma myndasýningu upp úr frásagnarefninu. Af þessu leiðir á meðal annars að aðalpersónan úr sögunni, Þórbergur sjálfur, klofnar í tvennt í leiknum, og ekki verður nein þörf lengur fyrir raunsæislega leikmynd. Aðalpersónur leiksins eru Þórbergur eldri, eða Meistarinn, sá sem söguna segir, og Þórbergur yngri, sem sjálfur lifir atburði hennar. Sögumaður og söguhetja, sem ekki verða sundur- greindir í sögunni sjálfri, frekar en kannski veruleiki og tilbúningur í efnivið hennar, verða á sviðinu tvær aðgreindar persónur sem halda efni leiksins saman og bera hann uppi.

## Margt fínt og natið

Sigur leiksins ræðst af því að þetta reynist auðið að gera á sviðinu, og að

því marki sem auðnast að gera með þessu móti ljósa og áþreifanlega írón- iska fjarvið frásagnarinnar í Ofvit- anum. Og af því hversu vel tekst að skipa og móta hlutverkin tvö í leiknum: leikendur og leikstjóri sanna í verki á sviðinu að hugmynd leik- skáldsins var rétt og raunhæf. Ég hef ekki áður séð Jón Hjartarson gera neitt í þá líkingu sem honum tekst í gervi hins eldri Þórbergs, leikarinn samsamaður sögumannshlutverkinu sem honum tókst um leið með fáum tóktum, viðbrögðum að gera furðu skýrlega mannlýsingu. Og merkilega var mikill svipur með þeim Þórbergi yngra: Emil Guðmundssyni, og margt fínt og natið í samleik þeirra í sýningunni, hins ráðsetta sögumanns og dyntóttu söguhetju á ungum aldri. Þetta tvígilda hlutverk tekst sem sé, eins og vera ber, að gera þungamiðju leiks og sýningar.

Það er ekki þar með sagt að með þessu móti sé ofvitinn frá Hala í Suðursveit leystur úr læðingi sög- unnar og hleypt ljóslifandi og sjálf- viljugum fram á leiksvið. Efni leiks- ins er frásögn, endursögn frásagnar- efnisins í Ofvitnum, Ofvitinn í Iðnó er leikgerð eftir sögunni en ekki sjálf- ráð nýsköpun úr efnivið hennar. Því miður?

## Sjálfstæð umsköpun

Það er ekki því að neita að best finnst mér leikurinn takast þar sem höfundur leikgerðar og leikstjórinn, Kjartan Ragnarsson, leyfir sér mest sjálfstæði gagnvart frásögn Ofvitans, einkum í seinni hluta leiksins. Nú er efni leiksins ekki allt sótt í bókina heldur aukið söngvum og kvíðlingum úr Eddu Þórbergs sem Atli Heimir Sveinsson hefur tónsett með nokkrum stuðningi af annarri músík frá tíma sögunnar, og fer það margt vel. Og sum bestu leikatriðin eins og „heima hjá doktor“ eða hungurs- neyð Þórbergs í umgerð úr „fútúris- kum kveldstemningum“ úr Eddu, í seinni hluta leiksins, eru reyndar við það að leysa landfestar sínar í Ofvit- anum, verða frjáls og sjálfstæð um- sköpun og nýsköpun efnisins. Lik- lega er eftirsjá að því að þeir Kjartan og Atli Heimir skyldu ekki stiga feti framar og semja alskapað músíkal upp úr efni Ofvitans og Eddu.

Eins og endraner í leikgerðum skilar efnivið úr Ofvitnum sér auð- vitað misvel í Iðnó, og mætti sjálf- sagt þrætta lengi um það hvað væri betur valið og hverju sleppt. Eigin- lega verður t.d. undarlega lítið úr við-

skiptunum við Herinn og Auðbjörgu kynjakið á við söguna, og af „milli- landafrumvarpinu“ er ekki eftir nema nafnið tómt, einhver kann líka að sakna frásagnar af því þegar Þór- bergur gekk í stúkuna.

## Íslenskur hungurmeistari

Verður ekki leikatriði um „sitrón- flöskuna“ eins og hálf utangarnar- legt fyrir vikið? Annað kemur mun betur fram, koma Þórbergs í kennaraskóla, kvenmannsleysi þeirra kumpána og hið rómaða kirkjugarðs- ævintýri, fundur Þórbergs og Elsk- unnar hans. Sjálfrátt eða ósjálfrátt úrval efnisins mætti ræða nánar. Á meðal margs annars er Þórbergur í Ofvitnum einskona íslenskur „hungurmeistari“, eins og Halldór Laxness kallar Hamsun í Sulti, reykjavíkurbóhem frá árdögum aldarinnar. Þá manngerð hefði kannski mátt leysa úr læðingi í hinu ósamda músíkali sem eiginlega er komið upp á tening í leikgerðinni. Eða er þetta bara vanþakklæti, svo góða skemmtun sem leikgerðin veitir eins og hún nú er?

Hvað sem þessum álitaefnum líður, og þótt sýningin sé óneitanlega harla löng, er hún samt sem áður merkilega samfelld, liðleg og greið- geng á sviðinu.

## Röð hnitmiðaðra mannlýsinga

Umgerð hennar er enn eitt meistarabragð Steinþórs Sigurðs- sonar: ásamt búningum leikenda eru örfáir leikmunir og gamlar reykja- víkurmyndir á baktjaldi allt og sumt sem á þarf að halda. Fjöldi fólks kemur við leikinn. Ég nefni í skyndi Steindór Hjörleifsson og Karl Guðmundsson sem lýsa ansi hnytti- lega ýmsum reykviskum höfðingjum í upphafi aldar, Harald G. Haralds- son og Hjalti Rögnvaldsson sýna snöfurliga þá kumpána Þórbergs, Rögnvald og Þorleif, og Sigurður Karlsson bregður upp í leiknum heilli röð einkennilega hnitmiðaðra mann- lýsinga, Margrét Helga Jóhannsdóttir er hin tilkomumesta herkona. Glöggar mannlýsingar af öðrum toga eru Elskan: Lilja Þórisdóttir og þau mæðgin í Unuhúsi, Erlendur og Una: Jón Júlíusson og Margrét Ólafsdóttir.

Og þá er ekki eftir nema árna lesendum Þórbergs Þórðarsonar og öðrum leikhúsgestum góðrar skemmtunar í Iðnó á næstunni.

**Leiklist**

**ÓLAFI IR JÓNSSON**

# Að ávaxta sitt pund

Þeir sem átt hafa viðskipti við Rafn Hafnfjörð og prentverk hans á undanförmum árum hafa skjótt komið að því að þar á bæ ráða ríkjum systurnar vandvirkni og smekkvísi ásamt listrænum metnaði. Þegar svo Rafn heldur ljósmyndasýningu skal engan undra þótt sömu eiginleika sé þar að finna. Þó held ég að mörgum hafi komið á óvart hve ríkulega Rafn hefur ávaxtað sitt pund sem ljós- myndari hin síðari ár. Þekktastur var hann sennilega fyrir svarthvitar myndir og hefur lítið haft sig frammi í lit, nema ef nefna skyldi almanök og stöku mynd í Iceland Review, — en á sýningu hans að Kjarvalsstöðum kom í ljós að liturinn er honum eins tamur, ef ekki tamari.

## Nýjar hliðar

Án þess að fara út í hin problema- tisku tengsl ljósmyndar og annarra myndverka, þá held ég að Rafn mætti flokka meðal góðra landslags- túlkenda, — þeirra sem sífellt eru að uppgötva nýjar hliðar á landinu og setja þær fram í því formi sem þeim er eiginlegast. Þar beitir hann öllum sjónhornum, smásjánni, breiðlinsu og loftmynd og tekur ýmsa áhættu, en tekst þó oftast það sem hann ætlar sér. En að öllum öðrum ljósmyndum ólöstuðum, þá er myndröð hans frá vinnustofu Kjarvals bæði ómetanleg heimild og ljóðræn eftirmæli um meistarann. En öll var þessi sýning Rafni til mikils sóma, sjálfar mynd- irnar, uppsetning og sýningar skrá.

## Vatnslitir af landslagi

Finnskur listamaður, Osmo Isak- son, átti til skamms tíma verk uppi- hangandi í gallerii sem komið hefur verið fyrir í versluninni Kirkjumunir við Austurvöll. Isaksson þessi virðist mikill ferðalangur og í ferðum sínum dregur hann upp vatnslitamyndir af mannlífi og landslagi. Þetta eru þægilegar myndir og ögn rómantískar, en þó eru hvorki mótifin né með- ferð þeirra ýkja nýstárleg og ekki er gallerið enn nægilega aðlaðandi. Birtu þyrfti sérstaklega að bæta.

Danskur grafiker, Niels Reumert, var fyrir skömmu á ferð í Galleriinu við Suðurgötu og voru verk hans frá- brugðin öðru sem þar hefur verið til sýnis.


## Málaralegt

Reumert sýndi 16 lithógrafiur, mjög litríkar og ærslafullar, en þó ávallt heillegar. Myndefnið var hans eigin „eventyrverden“ þar sem allt gat gerst, — trylltur dans stiginn, áköf innlifun, draumórar og ljóðræn ihygli. Ekki kæmi það mér á óvart þótt Reumert væri einnig liðtekur máleri, svo málaraleg eru vinnubrögð hans í grafíkinni.

Ungur maður, Magnús H. Krist- insson, sýnir nokkrar vatnslita- myndir og teikningar á Loftinu við Skólavörðustíg. Hann vil ég einfald- lega hvetja til að söðla um og undir- gangast rækilega kennslu.

**Myndlist**

**ADALSTEINN INGÓLFSSON**



Rafn Hafnfjörð ásamt nokkrum „Kjarvalsmyndum“ sínum.